

Nr. 16.
6.
nóvbr.

Lög

um

undirbúning verðlagsskráa.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs á ári hverju, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfjelagi í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningagangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfjelags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. Sju fleiri en einn prestur í hreppnum, ákveða stiptsyfirvöldin, hver þeirra skuli vera í nefndinni. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar.

Nú er einhver tegund landaura, sem hefur ekki gengið kaupum nje sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, þótt hún sje þar til og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum, og má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um, að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða samskonar vörutegund hefir gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Nú hefir einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga en með óvanalega lágu eða háu verði, sem sjerstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningu verðlagsskýrslunnar. Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða. Skýrsla þessi undirskrifuð af öllum semjendum skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfjelaginu í tvær vikur.

2. gr.

Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfjelaga skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eptir þeim eina aðalskýrslu

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Fremgangsmaaden ved Kapitelstaksternes Sættelse.

Nr. 16.
6te
Novbr.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Præsten og Formanden for Skattekommissionen samt en tredje af vedkommende Kepsforstanderskab eller Bybestyrelse hvert Aar valgt Mand skulle i hver Kep eller Købstad i Forening i Slutningen af Oktober Maaned hvert Aar affatte Beretning om Prisen paa de Kreaturer og indenlandske Vareforter, som pleje at opføres i Kapitelstaksterne efter den dem bekendte gangbare Pris i Penge inden vedkommende Kep eller Købstad i det sidst forløbne Aar fra 1ste Oktober til 30te September. I Kepper, hvor der er flere Præster, bestemmer Stiftsøvrigheden, hvilken af disse der skal tiltræde Kommissionen. Formanden for Skattekommissionen er tillige Formand for denne Kommission.

Saafernt en eller anden Varefort ikke i det paagældende Aar har været Genstand for Køb og Salg imod Penge inden Keppen eller Købstaden, endskønt den findes der og plejer at være Genstand for Køb og Salg sammesteds, kan Prisen paa denne Varefort bestemmes efter hvad de, som affatte Prisberetningen, komme overens om som passende efter Hensyn til den Pris, som denne eller en tilsvarende Varefort har været købt eller solgt for i de nærmeste Kepper eller paa nærmeste Handelssted. Naar en Varefort vel har været solgt eller købt for Penge, men til en ved særlige Omstændigheder forarsaget usædvanlig lav eller høj Pris, skal denne Pris ikke lægges til Grund ved Affattelsen af Prisberetningen. Naar Kommissionens Medlemmer ikke kunne blive enige om Prisen paa en Varefort, fastsættes den efter Middeltallet af Prisanfættelserne. Efterat Beretningen er underskrevet af alle Kommissionens Medlemmer, fremlægges den i to Uger til Eftersyn paa et bekvemt Sted inden Keppen eller Købstaden.

§ 2.

Keppernes og Købstædernes Prisberetninger sendes til vedkommende Sysselmænd før Udgangen af hvert Aars November Maaned, hvorefter Sysselmændene paa Grundlag

Nr. 16. fyrir hjerað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna, en stiptsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landsjóði. Nú er eigi verðlag sett á einhverja vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur.

3. gr.

Verðlagsskrá gildir frá 16. degi maímánaðar næsta eptir að hún er staðfest, til jafnlengdar næsta ár, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi.

4. gr.

Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsráskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi, og konungsráskurður 2. marz 1853.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 6. nóvember 1897.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

af dem affatter en Hovedberetning for hvert Distrikt, som han indsender med tilhørende Nr. 16. Bilag til Stiftsøvrigheden, der stadfæster en Kapitelstakst for hvert Distrikt samt besørger dens Trykning og Bekendtgørelse. Udgifterne ved Trykningen afholdes af Landskassen. Naar der ikke er ansat Pris paa en eller anden Varefort i to Tredjedele af de til en Sagsfelmand indkomne Beretninger, skal der ikke fastsættes Pris paa den paagældende Varefort i den af Sagsfelmanden affattede Hovedberetning. 6te
Novbr.

§ 3.

Kapitelstaksten gælder fra den paa dens Stadfæstelse følgende 16de Maj til samme Tid næste Aar og skal bekendtgøres paa Mandtalsstingene i det Foraar, da den træder i Kraft.

§ 4.

De Bestemmelser i fgl. Resolution af 16de Juli 1817, som ikke kunne forenes med nærværende Lov, samt fgl. Resolution af 2den Marts 1853 ophæves.

Svorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 6te November 1897.

Ministeriet for Island, den 6te November 1897.

Rump.

Olofur Halldórsson.